

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Djúpavogshreppi.

Breyting á deiliskipulagi svæðis 2 milli Borgargerðiskambis og Borgarholts, Djúpavogi.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. apríl 2017 breytingu á deiliskipulagi svæðis 2 milli Borgargerðiskambis og Borgarholts. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á lóðum við götuna Hlíð og setningu sérákvæða fyrir lóðirnar. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag - Starmýri II.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 12. apríl 2017 deiliskipulag vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á Starmýri II. Deiliskipulagið felur í sér afmörkun lóðar og þriggja 35 m² byggingarreita innan hennar ásamt setningu skipulagsskilmála. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag - Blábjörg.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 13. júlí 2017 deiliskipulag vegna uppbyggingar ferðaþjónustu á Blábjörgum. Deiliskipulagið felur í sér staðsetningu þriggja byggingarreita fyrir 65 m² ferðagistihús. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Djúpavogshreppi, 15. ágúst 2017.

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2017